



Ársskýrsla 2022

Golfklúbbur Skagafjarðar



Nóvember 2022

Efnisyfirlit

Skýrsla Formanns.....	2
Skýrsla mótanefndar	5
Skýrsla vallarnefndar 2022	7
Skýrsla barna- og unglínganefndar GSS 2022.....	8
Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar	11
Skýrsla forgjafarnefndar - 2022	12
Lög Golfklúbbs Skagafjarðar	16
Stjórn og nefndir 2022.....	18
Stjórn og nefndir 2023 – tillaga	19
Tillaða til aðalfundar að gjaldskrá 2023.....	20

Skýrsla Formanns

Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar árið 2022 skipuðu: Sigríður Svavarsdóttir formaður, Helga Jónína Guðmundsdóttir varaformaður, Kristján Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason ritari, Aldís Hilmarsdóttir formaður mótanefndar, Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar, Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður nýliðanefndar og Sylvía Dögg Gunnarsdóttir formaður barna- og unglínganefndar. Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason.

Golfárið 2022 var gott, félagsmönnum fjölgaði örlítið og við fengum mikið af gestum sem spiluðu völlinn og létu vel af honum og voru hæstánægðir. Danir komu annað árið í röð og spiluðu völlinn og voru himinsælir.

Golf er mikilvægt fyrir Skagfirðinga. Í fyrsta lagi fer fram öflugt barna- og unglíngastarf í klúbbum, í öðru lagi hentar golf sem áhugamál, félagsskapur og heilsubót fyrir fólk á öllum aldri og síðast en ekki síst er golf hluti af ferðamennsku og kylfingar heimsækja Skagafjörð gagnert til þess að spila golf. Gott orð fer af vellinum og nú þegar er komin ósk um að halda framhaldsskólámót 23. september 2023.

Félagar GSS með fulla aðild voru 252 talsins samkvæmt félagatali í lok nóvember 2021, en hafði þá fjölgað úr 203 félögum árið áður. Í ár eru félagar 254, 140 karlar og 114 konur. Þetta er ekki alveg eins mikil fjölgun og milli ára árið áður, þó voru nýliðanámskeiðin vel sótt og tókust mjög vel eins og alltaf.

Reksturinn gekk vel og mun gjaldkeri skýra frá því við yfirferð ársreiknings. Helstu tækjakaup voru, var bifreið og gatari fyrir flatirnar.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir hafa verið haldnir mánaðarlega frá janúar til nóvember.

Starfsmenn:

Guðmundur Þór Árnason vallarstjóri vann frábært starf að venju ásamt vallarstarfsmönnum en það voru þeir Hákon Ingi Rafnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Árni Tumi Reynisson og Bogi Sigurbjörnsson. Atli Freyr Rafnsson starfaði sem íþróttastjóri og sá um þjálfun barna og unglínga. Aðstoðarþjálfarar voru Tómas Bjarki Guðmundsson og Una Karen Guðmundsdóttir. Verslunarstjóri í skála var Karen Lilja Owolabi. Hún sá um mönnun vakta, innkaup, uppgjör, þrif o.fl. Una Karen Guðmundsdóttir tók þriðjudagskvöld þegar nýliðamót voru og leysti af þegar á þurfti að halda. Hér eru ótaldir sjálfboðaliðar sem unnu mikið og gott starf í þágu klúbbsins.

Þjálfun

Við erum mjög vel sett með þjálfara að mínu mati. Nýliðar fengu góða tilsögn frá Árnýju, Atla Frey og Hákonni. Unga kynslóðin var í góðum höndum Atla Freys og aðstoðarþjálfaranna Tómasar og Unu Karenar. Golfklúbbur Skagafjarðar og Atli Freyr Rafnsson gerðu með sér samning um golfkennslu hjá Golfklúbbi Skagafjarðar tímabilið 1. janúar 2023 til 31. desember 2026. Atli Freyr byrjaði í PGA námi haustið 2022 og er það nám 6 annir (eða 3 ár) og mun Golfklúbburinn og Golfsamband Íslands styrkja hann til námsins. Afar gleðilegt er að vera búin að tryggja kennara til svo langs tíma.

Skálinn

Golfskálinn er félagsaðstaða GSS og afdrep fyrir börn og unglínga milli æfinga. Í skálanum koma kylfingar saman þegar mót eru haldin. Sjoppa var opin í sumar kl. 10:00 – 18:00 að jafnaði. Opnunartími var lengri þá daga sem mót voru haldin.

Skálinn var opnaður 23. maí og var opin til 26. ágúst, en Gunnar Sandholt tók 2 síðustu vikurnar eftir að Karen hætti.

Tiltektardagar

Hreinsunardagur Fisk seafood var 7. maí sem var frábært framtak, þar tóku 25 manns á vegum Golfklúbbsins þátt og var það fjáröflun fyrir klúbbinn í leiðinni. Var þetta vel heppnað, góð útivera, samvera og veitingar í lokin.

2 tiltektardagar voru líka á golvellinum og í skálanum. Fyrri daginn var skálinn þrifinn, snyrt kringum helluinar og málað. Seinni daginn var gengið um völlinn og tínt upp rusl og greinar og kylfugeymslan ryksuguð. Eftir það var haldið tiltektarmót, texas scramble, með veglegum vinningum og fjölda útdráttarvinninga.

Aðsókn á völlinn

Völlurinn var vel sóttur í sumar. Bókaðir hringir voru 3775 talsins á tímabilinu maí –október. Þar af áttu félagsmenn í GSS 3036 hringi eða 80%. Af öðrum klúbbum átti Golfklúbbur Reykjavíkur flesta bókaða hringi eða 132 talsins. Næstir komu GKG með 121, GA með 76 og GM með 62, GO með 60 hringi. Alls voru gestir frá 37 golfklúbbum.

Þetta eru talsvert færri hringir en árið á undan en það var metár þar sem allir golfarar voru á Íslandi vegna covid 19 faraldurs og ferðuðust innanlands og spiluðu golf.

Golfdagurinn á Norðurlandi

Golfklúbbur Skagafjarðar var valinn af GSÍ til að halda kynningardag, „Golfdaginn 2022“ í samstarfi við KPMG og PGA sem hluta af útbreiðslu GSÍ 2022. Þarna var dagskrá fyrir alla fjölskylduna, farið í léttu og skemmtilega leiki fyrir alla og grill fyrir þátttakendur. Á sama degi var framtíðar leiðbeinendum golfklúbba boðin aðstoð PGA kennara við það að kenna byrjendum grunnatriðin. Dagurinn tókst vel og var í umsjá Brynjars Eldon og

Kynningardagar

Boðið var uppá hópefli, kynningu, þar sem Atli Freyr bauð uppá kennslu og hópurinn fékk skálann til afnota 2 klst. 2 fyrirtæki nýttu sér þetta tækifæri, Uppsteypa og HMS

Aðrir hópar komu og fengu að spila völlinn, en það voru t.d. Rotary, Byggðasgtofnun, FNV, HSN og round table island

Íslandsmót

Í ár sendum við lið í 4 keppismót.

22. – 24. júní Íslandsmót golfklúbba stúlkur – drengir U-14 Golfklúbburinn Leynir Akranesi

22. – 24. júní Íslandsmót golfklúbba stúlkur – drengir U16 og U18 Golfklúbbur Hellu

21. – 23. júlí Íslandsmót golfklúbba 1. deild karla og kvenna Golfklúbbur Mosfellsbæjar og Golfklúbbur Reykjavíkur

12. – 14. ágúst Íslandsmót golfklúbba 3. deild karla Golfklúbbur Ísafjarðar.

Snærisleikur 9 holur

Haldið var innanfélagsmót – snærisleikur sem var skemmtileg tilbreyting og vel sótt. Mótið var haldið að kvöldi til og var 18 ára aldurstakmark. Að loknu móti var notaleg samvera í skálanum.

Vinaklúbbur

Vinaklúbbum fer fjölgandi og eru félagar mjög sáttir með það. Þeir eru nú orðnir 30 talsins, allt frá 20% afslætti – 50%

Árshátíð

Árshátíð GSS 2021 var haldin í Ljósheimum í beinu framhaldi af meistaramótinu. Á árshátíðinni var góður matur og verðlaunaafhending fyrir meistaramótið. Arnar Freyr mætti með harmonikkuna.

Lokahóf

Lokahóf var svo haldið í Skálanum 27. ágúst að afloknu síðasta móti sumarsins, Steinullarmótinu.

Lið ársins

Á 102. Ársþingi UMSS sem haldið var 12. mars hlaut kvennasveit Golfklúbbs Skagafjarðar titilinn lið ársins. Liðið mætti og tók við verðlaunum.

Golffatnaður

Félögum bauðst á vormánuðum að máta og panta merktan golffatnað á hagstæðu verði og var salan góð. Verslað var við Ísam heildverslun.

Eftirlitsmyndavélar

Keyptar voru nýjar eftirlitsmyndavélar til að setja upp við kylfugeymslu og vélageymslu, einnig var hugmynd að færa eina vélina á Borgarflöt á veturna.

Kylfugeymsla

Mikil eftirspurn var eftir plássi í kylfugeymslu, en hún var fullnýtt. Brugðið var á það ráð að innréttu bil sem klúbburinn á við æfingasvæðið og annaði það eftirspurninni þetta sumarið.

Flötin

Farið var í kynningarátak vorið 2022, en fáir nýttu sér það, enda var covid ennþá að trufla fólk. Nú á haustdögum verður kynning á hermi fyrir nýliða og svo í framhaldinu kynning fyrir alla. Ný uppfærsla kom á herminn og var settur upp 5G router svo sambandið er mjög gott. Nú eru komnir 194 vellir til að spila og fer fjölgandi. Í hermanefnd voru settir þeir Andri Þór Árnason og Kristján Jónasson.

Stuðningsaðilar

Við búum vel að því að sveitarfélagið okkar styður vel við starfsemi klúbbsins. Í gildi eru þrír samningar sem endurnýjaðir voru í nóvember 2020 og verða í gildi til 2024. Um er að ræða samning um stuðning við rekstur, í öðru lagi samning um slátt á Íþróttavelli og sá þriðji er samningur um slátt á opnum svæðum á Sauðárkróki. Deiliskipulag Skagafjarðar hefur verið samþykkt og búið er að ætla Golfklúbbum svæði til stækkunar ef þarf á að halda.

Þá hefur UMFÍ styrkt okkur vel undanfarin ár. Það þarf að passa upp á að hafa augun opin fyrir styrkjum og sækja um. Við fengum 80.000 til fegrunar og grisjunar, var peningurinn notaður til að laga tjörnina á 5. Braut. Við fengum kr. 200.000 styrk nú í október vegna stjórnendafræðslu og búið er að sækja um styrk sem ætti að koma næsta sumar vegna kynningarstarfs. Einnig er er ferli umsókn til Rannís vegna nýrrar púttflatar.

Mörg góð fyrirtæki styðja þar að auki við klúbbinn með ýmsum hætti. Fyrir hönd GSS þakka ég sveitarfélaginu, ríkinu, UMFÍ, SSVN, fyrirtækjum og stofnunum kærlega fyrir stuðninginn á árinu.

Lokaorð

Framtíðin er björt. Golf nýtur mikilla vinsælda á Íslandi með næstflestu iðkendur samkvæmt tölum frá ÍSÍ. Golfið hefur sannað gildi sitt sem heilsubót og fjölskylduþrótt sem hentar fólki á öllum aldri. Mörg tækifæri eru í golfferðamennsku fyrir GSS og Skagafjörð. Ég þakka kærlega þeim sem störfuðu í stjórn og nefndum árið 2022. Allir aðrir sjálfboðaliðar fá sömuleiðis kærar þakkir. Þá óska ég þeim velfarnaðar sem munu starfa fyrir GSS árið 2023. Síðast en ekki síst óska ég öllum félagsmönnum og fjölskyldum þeirra farsældar á nýju ári.

Sigríður Svavarsdóttir

Formaður GSS

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd: Aldís Hilmarsdóttir formaður, Andri Þór Árnason, Hanna Dóra Björnsdóttir, Hjalti Árnason og Pétur Björnsson.

Sumarið 2022 voru haldin 35 mót hjá GSS og var fjöldi skráninga samtals 912. Mótanefndin stóð fyrir 21 mótum af þessum 35 með 579 skráningar. Önnur mót, 14 talsins, voru í umsjá annarra nefnda s.s. Hard Wok mótariðin sem nýliðanefnd stóð fyrir og barna og unglíngamót sem barna og unglínganefnd stóð fyrir.

Yfirlit yfir mót í umsjá mótanefndar sumarið 2022:

Upphafsdags.:	Mót:	Þátttakendur:
29. maí	Styrktarmót fyrir kvennalið Tindastóls	18
1. júní	Kjötbanka - mótariðin. Mót nr. 1.	25
5. júní	Opna KS mótið Texas Scramble	48
8. júní	Kjötbanka - mótariðin. Mót nr. 2.	23
15. júní	Kjötbanka - mótariðin. Mót nr. 3.	28
22. júní	Kjötbanka - mótariðin. Mót nr. 4.	9
25. júní	Opna Jómfrúarmótið 2022	24
29. júní	Kjötbanka - mótariðin. Mót nr. 5.	24
30. júní	Meistaramót GSS í holukeppni 2022	22
6. júlí	Kjötbanka - mótariðin Mót nr. 6.	24
11. júlí	Meistaramót GSS 2022	66
20. júlí	Miðvikudagsmót	11
24. júlí	Opna AVIS mótið 2022	37
27. júlí	Kjötbanka - mótariðin. Mót nr. 7.	18
5. ágúst	Kjötbanka - mótariðin. Mót nr. 8.	23
7. ágúst	Opna Hlíðarkaupsmótið 2022	40
17. ágúst	Kjötbanka - mótariðin. Mót nr. 9.	31
21. ágúst	Opna Advania mótið (Betri bolti)	22
24. ágúst	Kjötbanka - mótariðin. Mót nr. 10.	20
27. ágúst	Opna Steinullarmótið 2022	49
30. ágúst	Sumarauki	17
Alls	21	579

Úrslit allra móta má sjá á golf.is

Nýr styrktaraðili kom að miðvikudagsmótariðinni og breyttist því nafn hennar í Kjötbanka - mótariðin. Mótariðinni lauk með grillveislu í golfskálanum í boði Kjötbankans. Sigurvegarar mótaraðarinnar voru Dagbjört Sísí Einarsdóttir (kvinnaflokkur), Atli Freyr Rafnsson (karlaflokkur) og Hákon Ingi Rafnsson (opinn flokkur án fgi.).

Alls voru 22 þátttakendur skráðir til leiks í Holukeppninni en ólíkt flestum öðrum mótum þá gildir full forgjöf kylfings og er þetta því tilvalið mót fyrir alla félaga. Sigurvegari holukeppninnar 2022 var Sigríður Garðarsdóttir.

Meistaramót barna og fullorðinna var sameinað í eitt mót sem fram fór dagana 11. – 16. júlí. Keppt var í nokkrum flokkum en þátttakendur voru alls 66. Lokahóf mótsins fór fram á árshátíð GSS sem var haldin í Ljósheimum. Klúbbmeistarar 2022 eru þau Arnar Geir Hjartarson og Anna Karen Hjartardóttir.

Mótanefnd þakkar félagsmönnum fyrir góða þátttöku og drengilega keppni og einnig viljum við þakka sjálfboðaliðum sem komu að dómgæslu og vallarstarfsmönnum fyrir góða vinnu.

F.h. mótanefndar

Aldís Hilmarsdóttir

Skýrsla vallarnefndar 2022

Framkvæmdir á árinum voru þónokkrar, helst má telja að það var klárað að ganga frá tjörninni á 5.braut og lítur hún bara vel út. Einnig var haldið áfram með nýju æfingarflötina, er það mikið verk og lítur bara mjög vel út. Að öllum líkindum verður hægt að taka hana í notkun næsta sumar. Flötin á eftir að bæta mikið aðstöðu til æfinga og kennslu fyrir hinn almenna félagsmann. Farið var í að stækka flötina á 1.braut og ég held að sú framkvæmd eigi eftir að vekja mikla lukku, því að flötin óbreytt er full lítil og erfitt þykir að láta boltann stoppa á flötinni nema maður hafi gott vald á bakspuna og lengdarstjórnun á járnhöggunum sem að flestir vita að undirritaður hefur ekki, er þetta því þarfaverk. Í lok sumars voru mokaðir 2 drenskurðir á 7. brautinni til að þurrka hana því að hún getur verið ansi blaut. Gerð var tilraun síðasta haust að hylja 9.flötina með trjágreinum til að verja hana kali og var góð mæting félagsmanna bæði þegar flötin var hulin og einnig þegar greinarnar voru teknar af og tókst sú tilraun vel og leit flötin vel út í sumar. Ásamt þessu öllu voru fleiri minniháttar verk framkvæmd til að fegra umhverfið á vellinum. Verkstjórn yfir þessu og aðal framkvæðaraðili er vallarstjórinn okkar hann Guðmundur Þór Árnasson sem er vakinn og sofinn yfir vellinum. Hann naut líka dyggrar aðstoðar okkar öflugra sumarstarfsmanna sem margir hafa verið hjá okkur í nokkur ár og stóðu sig alveg frábærlega.

Völlurinn okkar var flottur í sumar að vanda og er hann mikil þrýði í umhverfinu á Nöfunum. En þetta gerist ekki að sjálfu sér og fara margar vinnustundir í að halda vellinum svona góðum og megum við vera stolt af vellinum okkar

Fyrir hönd vallarnefndar vil ég þakka Muggi og hans starfsfólki fyrir vel unnin störf á árinu og einnig þeim félagsmönnum sem ávallt eru boðnir og búnir að hlaupa til þegar það er kallað eftir aðstoð.

Í vallarnefnd 2022 voru Guðmundur Ágúst Guðmundsson, Guðmundur Þór Árnasson, Rafn Ingi Rafnsson, Þórður Karl Gunnarsson og Magnús Helgason

Fyrir hönd vallarnefndar

Guðmundur Ágúst Guðmundsson

Skýrsla barna- og unglínganefndar GSS 2022

Í nefndinni störfuðu Sýlvía Dögg Gunnarsdóttir formaður, Sigríður Garðarsdóttir, Margrét Helga Hallsdóttir, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir og Atli Freyr Rafnsson.

Árið í ár var svipað og í fyrra og vorum við heppin með það að lítil sem engin röskun var á okkar starfi þrátt fyrir Covid og var margt skemmtilegt brallað í ár.

Erfiðlega gekk að fá þjálfara til að vera með fastar æfingar og því brugðum við á það ráð eins og árið áður að fá Atla Frey Rafnsson til að vera með æfingar þegar hann gat komið norður yfir veturinn. Atli Freyr okkar kom norður rétt fyrir jólin og bauð uppá fyrstu vetraræfinguna 18. desember. Það var svo ekki fyrr en í mars sem Atli Freyr kom aftur til okkar og var í tvær vikur og bauð upp á 6 æfingar fyrir hvern flokk.

Golfskólinn fór af stað 1. júní í sumar og var þátttaka virkilega góð í sumar og nýir iðkendur bættust í hópinn. Atli Freyr Rafnsson sá um golfkennslu allra barna 6. ára og eldri. Honum til aðstoðar voru þau Tómas Bjarki Guðmundsson, Una Karen Guðmundsdóttir og Dagbjört Sísí Einarsdóttir.

Nýprent mótið var haldið sunnudaginn 12. júní. Þátttakendur voru 49 talsins frá Akureyri og Dalvík auk heimafólks og gekk mótið í alla staði vel. Mótið er hluti af Norðurlandsmótaröðinni sem er samstarfsverkefni GSS, GFB, GHD og GA. GSS átti 21 keppanda á mótaröðinni og stóðu þau sig með þryði. Anna Karen Hjartardóttir var Norðurlandsmeistari í flokki 17-18 ára stúlkna.

Íslandsmót golfklúbba 15 ára og yngri fór fram dagana 24.-26. júní á Strandarvelli á Hellu. Golfklúbbur Skagafjarðar átti þar flotta fulltrúa og sendi blandaða sveit en hana skipuðu Alexander Franz Þórðarson, Brynjar Már Guðmundsson, Hallur Atli Helgason, Markús Máni Gröndal, Tómas Bjarki Guðmundsson og Una Karen Guðmundsdóttir. Liðsstjóri var Atli Freyr Rafnsson.

Sveitin endaði í 12. sæti. Krakkarnir sýndu samstöðu, leikgleði og þrúðmennsku á vellinum og voru klúbbum sínum til mikils sóma. Að senda sveitir á Íslandsmótið er mikilvægur þáttur í starfinu, ekki einungis veitir það þátttakendum reynslu og leik þjálfun heldur er það líka mikilvæg innspýting og hvatning inn í allt starfið.

Meistaramót GSS var haldið dagana 11.-13. júlí með 26 þátttakendum.

Úrslit voru eftirfarandi:

10-13 ára strákar (léku 9 holur, rauðir teigar, 2 daga)

1. Guðni Bent Helgason 105 högg
2. Brynjar Morgan Brynjarsson 109 högg
3. Gunnar Atli Þórðarson 120 högg
4. Sigurbjörn Darri Pétursson 149 högg
5. Grétar Freyr Pétursson 163 högg

10-13 ára stelpur (léku 9 holur, rauðir teigar, 2 daga)

1. Gígja Rós Bjarnadóttir 123 högg
2. Emilía Ragnheiður Róbertsdóttir 142 högg
3. Nína Júlía Þórðardóttir 154 högg
4. Anna Ísabella Friðriksdóttir 167 högg
5. Ellen Día Dúfudóttir 179 högg
6. Snæfríður Áskelsdóttir 183 högg

7. Hrafnhildur Kara Halldórsdóttir 185 högg

Byrjendaflokkur stelpur 9 ára og yngri (léku 5 holur, gylltir teigar, 3 daga)

1. Rannveig Kara Helgadóttir 89 högg (vann í bráðabana)

2. Nína Morgan Brynjarsdóttir 89 högg

Byrjendaflokkur strákar 9 ára og yngri (léku 5 holur, gylltir teigar, 3 daga)

1. Ólafur Bjarni Þórðarson 75 högg

2. Karl Goðdal Þórleifsson 80 högg

3. Friðrik Elmar Friðriksson 97 högg

4. Arnór Tryggvi Friðriksson 132 högg

5. Davíð Örn Kemp 135 högg

Að auki kepptu 6 unglingar í Meistaramóti GSS sem fór fram 13. -16. júlí og náðu þau góðum árangri:

Meistaraflokkur kvenna (léku 18 holur, 4 daga)

1. Anna Karen Hjartardóttir högg, klúbbmeistari 314 högg

4. Una Karen Guðmundsdóttir 365 högg

Fyrsti flokkur kvenna (léku 18 holur, 4 daga)

1. Dagbjört Sísí Einarsdóttir 378 högg

Fyrsti flokkur karla (léku 18 holur, 4 daga)

1. Tómas Bjarki Guðmundsson 347 högg

6. Alexander Franz Þórðarson 373 högg

Annar flokkur karla (léku 18 holur, 4 daga, punktakeppni)

3. Markús Máni Gröndal 416 högg

RTD. Brynjar Már Guðmundsson

Þann 19. júlí var verðlaunaafhending fyrir Meistaramót GSS barna og unglinga. Skellt var í Vipp keppni. Mjög vel var mætt og stóðu þau sig mjög vel. Að mótinu loknu var haldin verðlaunaafhending, annars vegar fyrir frammistöðu dagsins og hinsvegar fyrir meistaramótið. Að verðlaunaafhendingu lokinni gæddu börn og foreldrar sér á pizzum frá Hard Wok.

18. ágúst létum við verða að því að halda maraþon en það er haldið annað hvert ár en þurftum þó að fresta því vegna covid en núna náðum við að koma því í gang. Maraþonið gengur út á það að ná að spila 1000 holur á einum degi og safna um leið pening sem nýtist iðkendum í barna og unglingastarfinu. Golfiðkendur gengu í hús og söfnuðu áheitum og léku svo 1000 holur á einum degi. Þau stóðu sig frábærlega, bæði í áheitasöfnun sem og á vellinum og náðu að slá met en þau spiluðu

alls 1604 holur. Gaman er að segja frá því að RÚV kom og gerði skemmtilega frétt um þetta maraþon í kvöldfréttum og tóku viðtöl við krakkana í beinni þegar þau voru út á velli að spila.

Uppskeruhátíð er áætluð núna í nóvember en þá munu Atli Freyr og aðstoðarþjálfarar afhenda bikara fyrir bestu ástundun og mestu framfarir í flokkunum 10 ára og yngri og svo 11 ára og eldri en venju samkvæmt sjá þjálfari og leiðbeinendur um valið.

Við viljum þakka þeim fjölmörgu sem lögðu til hjálparhönd í starfinu í sumar, stjórn klúbbsins sem studdi okkur dyggilega, foreldrum og öðrum sjálfbóðaliðum. Öflugt og óeigingjarnt starf sjálfbóðaliða gerir okkur kleift að halda úti öflugum barna- og unglingastarfi og vonum við að svo verði áfram. Þeim Atla Frey, Tómasi Bjarka, Unu Kareni og Dagbjörtu Sísí færum við kærar þakkir fyrir þjálfunina í sumar, þau sinntu henni vel og ungu kylfingarnir okkar mættu vel á æfingar hjá þeim, skemmtu sér og sýndu góðar framfarir.

F.h. barna- og unglinganefndar

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir

Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar

Nefndina skipuðu Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Díana Dögg Hreinsdóttir, Erna Baldursdóttir, Guðrún Björg Guðmundsdóttir og Hafdís Skarphéðinsdóttir.

Þrátt fyrir metár nýliða í GSS síðastliðið sumar, þá var þátttaka á nýliðanámskeiði sumarsins með ágætum en 19 nýliðar bættust við í klúbbinn á þessu sumri. Atli Freyr Rafnsson og Árný Lilja Árnadóttir sáu um nýliðanámskeiðið eins og undanfarin ár og þökkum við þeim kærlega fyrir það. Í lok námskeiðsins héldum við vanur/óvanur mót sem tókst mjög vel eins og endranær. Það er frábært að sjá og finna hversu auðvelt það er að fá vana kylfinga í klúbbnum okkar til að taka þátt og spila með nýliðunum og fyrir það ber svo sannarlega að þakka. Eftir mótið var boðið upp á pitsur og franskar frá Hard Wok. Leikfyrirkomulagið í mótinu var þannig að báðir aðilar tóku upphafshögg, betri boltinn var valinn og síðan var slegið til skiptis þar til boltinn var kominn ofan í holuna. Sigurvegarar í mótinu voru Kristinn Brynjólfsson og Þórleifur Karlsson á 44 höggum og jöfn í 2.-3.sæti á 48 höggum voru Árni Arnarson /Róbert Óttarsson og Bjarki Páll Svavarsson /Ingibjörg Ólöf Guðjónsdóttir. Haldið var 1 gullteigamót fyrir nýliðana þar sem Hera Birgisdóttir sigraði. Reynt var að halda 2 í viðbót en ekki varð af því. Það var frábært að sjá hversu margir úr hópnum voru duglegir að fara út á völl að spila og taka þátt í háforgjafarmótunum.

Helsta verkefni nefndarinnar er að sjá um Hard Wok háforgjafarmótin. Haldin voru 10 mót sem Hard Wok styrkti með miklum myndarskap og þökkum við kærlega fyrir það. Það voru 7 mismunandi sigurvegarar í mótunum 10. Þeir voru; Brynjar Már Guðmundsson, Atli Freyr Kolbeinsson, Árni Arnarson, Markús Máni Gröndal og þau Hallur Atli Helgason, Gígja Rós Bjarnadóttir og Brynjar Morgan Gunnarsson sigruðu í 2 mótum. Spilamennskan í mótunum var oft á tíðum frábær, sigurvegarinn var alltaf með 20 punkta eða meira og oft voru fleiri en vinningshafinn á svipuðum stað. Boðið var upp á Vöflur eftir eitt mótið og eftir síðasta mótið var boðið upp á frábæran mat frá Hard Wok og marengstertu í eftirrätt sem Hafdís Skarphéðinsdóttir og Guðrún Björg Guðmundsdóttir áttu heiðurinn af.

Þátttakan í mótunum var frábær, í sjö mótum af tíu voru þátttakendur 20 eða fleiri sem verður að teljast mjög gott því veðurguðirnir voru ekki alltaf með okkur í liði. Margir tóku þátt í sínu fyrsta háforgjafarmóti og það er alltaf svo gaman að taka á móti nýjum þátttakendum sem bætast í frábæran hóp sem fyrir er. Við héldum áfram að bjóða þeim kylfingum sem eru með lægra en 30 í forgjöf að taka þátt í mótunum en þeir geta ekki unnið til verðlauna. Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á þennan kost þar sem heilu fjölskyldurnar eru stundum að taka þátt saman og svo er einnig gott fyrir nýliða að spila með þeim sem betri eru. Jú, maður lærir oft mikið af þeim sem betri eru.

Háforgjafarmótin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og eru svo sannarlega komin til að vera. Þrátt fyrir að sumarið hafi ekki verið upp á sitt besta veðurlega séð, þá var þetta frábært golfsumar með flottum kylfingum sem vilja allir verða betri í þessari frábæru íþrótt sem golfið er. Við bíðum öll spennt eftir næsta sumri og erum full eftirvæntingar um hvað það hefur upp á að bjóða.

F.h. Nýliða- og kynningarnefndar
Dagbjört Rós Hermundsdóttir

Skýrsla forgjafarnefndar - 2022

Vallarmat

Leikið var til forgjafar sumarið 2022 skv. vallarmati sem tók gildi í apríl 2021. Vallarmatið gildir fyrir karla á 59-hvítum, 55-gulum, 50-bláum, og 47-rauðum en fyrir konur er vallarmat til fyrir 55-gula, 50-bláa og 47-rauða teiga.

Vaxandi umræða er í golfsamfélaginu um að vöntun sé á teigasetti framan við 47-rauða fyrir konur þegar þær komast í öldungarflokk. Í dag eiga þær ekki kost á að færa sig fram eins og karlar gera þegar tilsettu aldursviðmiði er náð. Verði þetta gert á Hlíðarenda mætti hugsa sér nýtt teigasett sem kallaðist t.d. 44-svartur og gæfi um það bil 5-6% styttingu miðað við 47-rauðu teigana.

Þetta mætti framkvæma með að skilgreina 3 nýja teiga á 1. 4. og 8. braut sem væru að jafnaði 35-40m framan við 47-rauða á þessum þremur brautum. Á öðrum brautum yrðu „44-svartir“ teigar samnýttir með 47-rauðum. Þessar breytingar myndu kalla á nýtt vallarmat fyrir nýtt teigasett, væntanlega fyrir bæði kyn.

Nokkur atriði um forgjafarkerfið - WHS

Þann 1. mars 2020 var nýtt forgjafakerfi tekið í notkun eftir að tekist hafði að sameina sex mismunandi kerfi í eitt sem gildir fyrir allan heiminn og er kallað „World Handicap System“, skammstafað WHS. Hinn almenni kylfingur þarf ekki að vita hvernig forgjöfin er reiknuð en fyrir áhugasama eru hér nokkur hugtök úr nýju forgjafakerfi útskýrð í stuttu máli.

Meðaltalsregla

Forgjöfin reiknast út frá 8 bestu af síðustu 20 hringjum. 9 holu hringir reiknast til forgjafar. Ef tiltækir golfhringir eru færri en 20, t.d. þegar kylfingur byrjar aftur eftir nokkura ára hlé, þá er meðaltal hringja sem telja til forgjafar reiknað skv. eftirfarandi töflu. Hugtakið „skormismunur“ er skýrt hér að neðan.

Skormismunir á skoryfirliti	Skormismunir sem skal nota við útreikning forgjafar	Leiðrétting
1	Lægsti 1	-2
2	Lægsti 1	-2
3	Lægsti 1	-2
4	Lægsti 1	-1
5	Lægsti 1	0
6	Meðaltal af lögstu 2	-1
7 eða 8	Meðaltal af lögstu 2	0
9 til 11	Meðaltal af lögstu 3	0
12 til 14	Meðaltal af lögstu 4	0
15 eða 16	Meðaltal af lögstu 5	0
17 eða 18	Meðaltal af lögstu 6	0
19	Meðaltal af lögstu 7	0
20	Meðaltal af lögstu 8	0

Endurútgáfa forgjafar

Til að fá endurútgafna forgjöf fyrir leikmann er hægt að velja eina af eftirfarandi þremur leiðum:

- Endurútgæfa forgjöf í samræmi við þá getu sem forgjafarnefnd metur að leikmaður sýni á þeim tíma. Algengt er að biðja um 3 skorkort frá leikmanni til að hægt sé að reikna forgjöf út frá töflunni að ofan. Mælt er með þessari leið, þ.e. að spila og skila inn sem flestum skorkortum.
- Skrá forgjöf eins og leikmaðurinn sé byrjandi í golfi, þ.e. setja forgjöfina í 54 sem er hámarsforgjöf.
- Endurútgæfa síðustu skráðu forgjöf.

Ekki þarf að tilkynna hring fyrirfram

Það má spila og skrá skor eftirá.

Viðurkennd leikform

Skor er gilt til forgjafar sé leikið samkvæmt golfreglum og viðurkenndum leikformum.

Leiðrétt brúttó skor og skormismunur

Á forgjafaryfirliti er gefið upp „leiðrétt brúttó skor“ fyrir hvern hring. Þessa tala er notuð til að reikna „skormismun“ sem einnig er nýtt hugtak.

Leiðrétt brúttó skor er samanlagt skor með þeirri undantekningu að ef skráðar hafa verið „sprengjur“ eða kylfingur hefur x-að, þá reiknast skor á þeirri holu sem lægsta skor sem gefur engan punkt.
Dæmi: Kylfingur skráir 10 högg á holu, þar sem 7 högg gæfu 1 punkt, þá er Leiðrétt brúttó skor 8 á holunni.

Skormismunur segir til um hve langt frá forgjöf uppgefið skor er. Við útreikning á skormismun er tekið tillit til ytri aðstæðna PCC. Á forgjafaryfirliti er skormismunur gefin upp með einum aukastaf.

Leiðrétt skor - PCC

PCC (Playing Conditions Calculation) er tölfræðileg niðurstaða sem ákvarðast af því hvort leikaðstæður á leikdegi voru frábrugðnar eðlilegu ástandi. PCC getur verið frá -1 til +3. Yfir daginn þarf að lágmarki 8 skorkort frá leikmönnum með undir 36 í forgjöf til að reikna PCC.

Af einhverjum ástæðum virðist leiðréttingin koma sjaldan inn á Hlíðarendavelli. Ekki er vitað til þess að PCC hafi verið reiknað sumarið 2020 en það var gert a.m.k. tvisvar sinnum sumarið 2021 dagana 21. júlí og 11. ágúst. Í báðum tilfellum var leiðrétt um 1 punkt þar sem skor voru óeðlilega há.

PCC reiknast ekki eingöngu út frá mótsskorum heldur ákvarðast það af öllum hringjum dagsins. Þess vegna er ekki hægt að uppfæra forgjöf strax eftir mót, heldur verður að bíða þar til öll skor dagsins hafa skilað sér, bæði úr mótum og öðrum skráðum hringjum.

Framúrskarandi skor

Ef kylfingur leikur einstaklega vel, þannig að skormismunur er 7-9,9 högg undir forgjöf þá er forgjöf lækkuð aukalega um 1 högg. Ef skormismunur er 10 högg eða meira frá forgjöf verður aukaleg lækkun 2 högg.

Lágforgjöf

Lægsta forgjöf sem leikmaður hefur verið með á 12 mánaða tímabili miðað við þann dag sem nýjasti hringur sem er á skoryfirliti var leikinn kallast lágforgjöf. Það þarf 20 hringi á forgjafaryfirliti til að fá úthlutaða lágforgjöf.


Lágþak og Háþak

Þetta eru hugtök sem eru notuð til takmörkunar á hækkun forgjafar. Það þarf 20 hringi til að þessir útreikningar séu gerðir þar sem lágþak og háþak er reiknað út frá lágforgjöf.


- Ekki er hægt að hækka meira en 5 högg frá lágforgjöf.
- Lágþaki er náð þegar munur á nýútgefinni forgjöf og lágforgjöf er 3 eða meira. Eftir það reiknast hækkun aðeins að hálfu leiti.
- Háþak takmarkar hækkun forgjafar við 5 högg frá lágforgjöf.

Tölfræði

Þróun meðalforgjafar bestu 5 og bestu 20 kylfinga GSS.



Félögum í GSS með forgjöf undir 36 fækkaði um 7 milli ára 2021 og 2022.



Greining skorkorta og ný forgjafarröð

Greind voru 472 skor úr mótum þar sem spilaðar voru 18 holar og fyrirkomulagið annað hvort högggleikur eða punktakeppni. Meðalskor fyrir árið 2022 var 97 högg sem er sama og úrtakið fyrir 2021 gaf.


	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Meðalskor	101	99	100	99	97	97	97

Sem fyrr er vafasamt að bera saman skor milli ára þar sem aðstæður eru aldrei alveg sambærilegar. Þetta er fyrst og fremst til gamans gert og hver og einn getur dregið af þessu ályktanir um breytingar á getu kylfinga eða hvort merkja megi áhrif vallarbreytinga og/eða leikaðstæðna á skor milli ára.

Sé erfiðleikaröðun brauta skoðuð kemur í ljós að litlar breytingar eru milli ára. Hér eru léttustu holurnar taldar upp fyrst og svo koll af kolli:

Sumarið 2019: 7, 3, 6, 9, 2, 8, 5, 4, 1.
 Sumarið 2020: 3, 7, 6, 5, 9, 8, 2, 4, 1.
 Sumarið 2021: 7, 3, 6, 5, 9, 2, 8, 1, 4.
 Sumarið 2022: 6, 3, 7, 5, 9, 2, 8, 1, 4.

Í þessum tölum er ekki gerður greinarmunur á kyni eða af hvaða teigum er leikið. Slíkt myndi líklega leiða í ljós mismun sem væri áhugavert að skoða. Þessar tölur endurspegla skor hópsins óháð kyni, aldri og af hvaða teigum er leikið. Eins og undanfarin ár eru þar 3 holurnar og sú 7. auðveldastar. Eina breytingin frá síðasta ári er að 6. og 7. holan víxla sætum sínum þannig að árið 2022 spilaðist sú 6. sem léttasta holan en 7. er þriðja í röðinni. Lítil erfiðleikamunur er á þremur léttustu holum. Það lítur út fyrir að stytting á rauðum teig á 6. holu vegi þungt í að gera hana að auðveldustu holu vallarins. Að öðru leiti raðast 2022 skorið upp eins og í fyrra. Sem fyrr eru 4. og 1. brautin eru áberandi erfiðastar.



Þetta staðfestir að skilgreind forgjafarröð á brautirnar sem tekin var upp fyrir árið 2021 útteilir forgjafarhöggum á sanngjarnan hátt miðað við það hvernig völlumurinn spilast.

	1. hola	2. hola	3. hola	4. hola	5. hola	6. hola	7. hola	8. hola	9. hola
Ný röð tekin upp 2021	3	7	15	1	11	13	17	5	9

Rafn Ingi Rafnsson
 Form. forgjafarnefndar

Lög Golfklúbbs Skagafjarðar

1. grein

Félagið heitir Golfklúbbur Skagafjarðar. Heimilisfang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að GSÍ og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2. grein

Við golfleik skal á svæði/ velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvöllinum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbnum.

3. grein

Félagið er öllum opið.

4. grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

5. grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypiss aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

6. grein

Stjórn klúbbsins skipa átta einstaklingar: Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og formenn mótanefndar, vallarnefndar, barna- og unglínganefndar og kynningar- og nýliðanefndar. Þeir eru kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, fjórir á aðalfundi 2020, þrjár á aðalfundi 2021. Einnig skal kjósa þrjú varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Ekki eru takmörk á því hversu oft má kjósa sama einstakling til setu í stjórn.

7. grein

Stjórn ákveður sjálf starfstílhögun sína. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagsjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórn kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þó þarf samþykkt félags- eða aðalfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér. Stjórn skal boða til félagsfundar með sama hætti og til aðalfundar ef 15% félagsmanna krefjast þess skriflega eða á annan sannanlegan hátt. Berist krafa um boðun félagsfundar skal hann haldinn innan sjö daga frá því að slík krafa berst.

Stjórn getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórn skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

8. grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, vallarnefnd, forgjafarnefnd, aganefnd, barna- og unglinganefnd, kynningar- og nýliðanefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera þrjú til fimm einstaklingar, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum GSÍ en aðrar samkvæmt fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar. Stjórn hefur heimild til að skipa aðrar nefndir eins og henta þykir. Nefndir skulu skila stjórn yfirliti yfir störf liðins starfsárs eigi síðar en 30. október ár hvert.

9. grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar klúbbsins fyrir 1. nóvember ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

10. grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

11. grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9. grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing GSÍ og þing UMSS.
8. Ákvörðun félagsgjalda.
9. Önnur mál.

12. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

13. grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

Þannig samþykkt á aðalfundi 30. nóvember 2020.

Stjórn og nefndir 2022

Formaður, 2022: Sigríður Svavarsdóttir

Varaformaður, 2022-2023: Helga Jónína Guðmundsdóttir ^(1/2)

Ritari, 2022-2023: Andri Þór Árnason ^(1/2)

Gjaldkeri, 2021 -2022: Kristján Eggert Jónasson ^(2/2)

Varamenn í stjórn:

Atli Freyr Rafnsson

Hlynur Freyr Einarsson

Sigríður Elín Þórðardóttir

Mótanefnd:

Aldís Hilmarsdóttir, form. 2021-2022 ^(2/2)

Andri Þór Árnason

Hjalti Árnason

Hanna Dóra Björnsdóttir

Pétur Björnsson

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2021-2022 ^(2/2)

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Þórður Karl Gunnarsson

Unglinganefnd:

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir form. 2022 - 2023 ^(1/2)

Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir

Magnús Barðdal Reynisson

Margrét Helga Hallsdóttir

Sigríður Garðarsdóttir

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður 2021-2022 ^(2/2)

Díana Dögg Hreinsdóttir

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Sveitastjórar:

Karlasveit: Andri Þór Árnason

Kvennasveit: Árný Lilja Árnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason

Pétur Friðjónsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

Stjórn og nefndir 2023 – tillaga

Formaður, 2023: Róbert Óttarsson

Varaformaður, 2022-2023: Helga Jónína Guðmundsdóttir ^(2/2)

Ritari, 2022-2023: Andri Þór Árnason ^(2/2)

Gjaldkeri, 2023 -2024: Kristján Eggert Jónasson ^(1/2)

Varamenn í stjórn:

Atli Freyr Rafnsson

Hlynur Freyr Einarsson

Sigríður Elín Þórðardóttir

Mótanefnd:

Aldís Hilmarsdóttir, form. 2023-2024 ^(1/2)

Hanna Dóra Björnsdóttir

Halldóra Andrésdóttir Cuyler

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2023-2024 ^(1/2)

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Þórður Karl Gunnarsson

Unglinganefnd:

form. 2023 ^(2/2)

Sólborg Borgarsdóttir

Unnur Ólöf Halldórsdóttir

Æypór Ernir Oddsson

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður 2023-2024 ^(1/2)

Díana Dögg Hreinsdóttir

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Sveitastjórar:

Karlasveit: Andri Þór Árnason

Kvennasveit: Árný Lilja Árnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason

Pétur Friðjónsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

Tillaðga til aðalfundar að gjaldskrá 2023

Félagsgjöld	2022	Inneign í sjoppu	Samtals 2022	2023	Inneign í sjoppu	Samtals 2023
Fjölskyldugjald	113.750	10.000	123.750	122.500	10.000	132.500
Hjónagjald	97.500	10.000	107.500	105.000	10.000	115.000
Hjónagjald 67 og eldra	73.125	10.000	83.125	78.750	10.000	88.750
Einstaklingsgjald	65.000	5.000	70.000	70.000	5.000	75.000
Einstaklingsgjald 67 og eldra	48.750	5.000	53.750	52.500	5.000	57.500
17-26 ára	35.750		35.750	38.500		38.500
13-16 ára	29.250		29.250	31.500		31.500
12 ára og yngri	22.750		22.750	24.500		24.500
Byrjendagjald fjölskyldu	68.250	10.000	78.250	73.500	10.000	83.500
Byrjendagjald hjóna	58.500	10.000	68.500	63.000	10.000	73.000
Byrjendagjald einstaklings	39.000	5.000	44.000	42.000	5.000	47.000
Aukaaðild hjóna	58.500	10.000	68.500	63.000	10.000	73.000
Aukaaðild einstaklings	39.000	5.000	44.000	42.000	5.000	47.000
Skápaleiga	15.000		15.000	15.000		15.000

Nokkur atriði varðandi gjaldskrá og réttindi:

- Golfskóli er innifalinn í árgjaldi (þ.m.t. fjölskyldugjaldi) fyrir 16 ára og yngri
- Börn sem eru ekki í félaginu borga sérstaklega fyrir golfskólann 10 þús. kr. fyrir mánuðinn.
- Aukaaðild gerir kröfu um að viðkomandi sé félagi í aðalklúbbi og veitir fullréttindi í félagsstarfinu.
- Fjölskyldugjald er í boði fyrir fólk með börn á framfæri, 16 ára og yngri
- Mótanefnd getur heimilað kylfingi sem er utan klúbba að taka þátt í keppni án forgjafar og greiðir viðkomandi þá 1.000 krónu álag á mótsgjaldið
- Félagsgjöld verða innheimt með 5 jöfnum mánaðarlegum greiðslum (janúar til maí)

Vallargjöld	2022	2023
Vallargjald einstaklings	5.000	6.000
Vallargjald hjóna	7.500	9.000
16 ára og yngri greiða hálfvallargjald		
Helgarpassar og vikugjöld eru aflögð		

Önnur gjöld	2022	2023
Leiga á kylfum	2.000	2.000
Leiga á kerru	500	500
Hópur lokar velli 2,5 klst	90.000	90.000
Hópur lokar velli 5 klst	160.000	160.000

Golfskáli að Hlíðarenda og veitingar eru ekki innifaldar í gjaldi ef hópur lokar velli í tiltekin tíma. Vallargjald er óháð fjölda hola sem leiknar eru.